

Umsögn

Til: Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Frá: Fjármálastjóra

Efni: Ósk Ísaksskóla um að viðmið um fjölda barna í leikskólahluta verði hækkað í 65 frá og með 1. ágúst 2018

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs hefur óskað eftir umsögn um eftirfarandi erindi Skóla Ísaks Jónssonar:

*„Skóli Ísaks Jónssonar ses óskar hér með eftir endurnýjun samnings um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla. Samningur sá sem tók gildi 1. ágúst 2015 var til þriggja ára eða til 31. júlí 2018. Í 3. grein í samningsins er miðað við að fjöldi barna fari ekki yfir 61. Óskar skólinn eftir því að þetta viðmið verði hækkað í 65 frá og með 1. ágúst 2018. Samningurinn er annars ágætur og munum við samþykkja hann með þessari einu breytingu.“
(sjá nánar í bréfi fjármálastjóra skóla- og frístundasviðs)*

Í bréfi fjármálastjóra skóla- og frístundasviðs kemur fram að leiðréttar greiðslur vegna ársins 2018 yrðu um 1.500 þús. króna vegna þessa, en kostnaðarauki ársins 2019 verði allt að 6.190 þús. króna og telja að viðbótarfjárheimildir þurfi að koma til vegna þessa á árinu.

Umsögn:

Nýlega var samningur Reykjavíkurborgar við Skóla Ísaks Jónssonar um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla endurnýjaður. Í 4. gr. samningsins er að finna ákvæði um greiðslur á rekstrarframlagi til skólans og í gr. 4.1. er að finna þær meginforsendur sem um þær gilda:

„Rekstrarframlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsaleigu) við börn í borgarreknum leikskólum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætluðum rekstarkostnaði borgarrekinnna leikskóla, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil að viðbættri fjárhæð vegna sameiginlegs kostnaðar borgarrekinnna leikskóla sem ekki er áætlaður á borgarrekna leikskóla og að frádraginni húsaleigu og kostnaði vegna þjónustu og umsýslu vegna sjálfstætt starfandi leikskóla.“

Að auki greiðir Reykjavíkurborg sk. húsnæðisframlag sbr. 5. gr. samningsins:

„Skóla- og frístundasvið greiðir húsnæðisframlag fyrir þau börn sem dvelja í leikskólanum á hverjum tíma enda er leikskólinn í eigin húsnæði /leiguhúsnæði, ef skilyrðum skv. 2. g4ri. samningsins er fullnægt.

Fjárhæð húsnæðisframlags er samkvæmt reglum skóla- og frístundasviðs um húsnæðisframlag á hverjum tíma eins og kemur fram í viðauka 1 við samning þennan og birt er á heimasíðu skóla- og frístundasviðs, www.skolarogfristund.is.”

Í grein 4.1. felst sá skilningur að útgjöld Reykjavíkurborgar vegna leikskólabarna er hinn sami hvort sem barn er vistað í borgarreknum leikskóla eða einkareknum leikskóla. Jaðaráhrifin af því að vista barn í einkareknum leikskóla frekar en borgarreknum leikskóla felast í húsnæðisframlaginu skv. 5. gr. samningsins. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að Reykjavíkurborg geti sparað fastan kostnað við borgarreið húsnæði, þótt nýting þeirra versni, vegna þess að fleiri börn fari í einkarekna skóla fremur en borgarrekna, vegna þess fjármagns sem bundið er í húsakosti borgarinnar ásamt föstum rekstrarkostnaði.

Viðbótarkostnaður Reykjavíkurborgar til skamms tíma geta því verið sem svarar húsnæðisframlaginu, sem er um 255 þ.kr. á ári pr. barn eða rúmlega 1 m.kr. m.v. 4 barna fölgun úr 61 barni í 65. Til lengri tíma litið má þó ætla að jaðaráhrifin hverfi sé nýting borgarrekkinna leikskóla í jafnvægi m.v. húsakost.

Það er mat fjármálaskrifstofu að fjölgun um 4 börn í Skóla Ísaks Jónssonar hafi lítil jaðaráhrif fyrir borgina ein og sér og á þessu stigi sé ekki þörf á sérstakri viðbótarfjárheimild vegna þessa. Gert er ráð fyrir að farið sé yfir fjölda barna í borgar- og einkareknum leikskólum með reglubundnum hætti og fjármagn til sviðsins aukið eða skert í samræmi við venjur í því sambandi.

*Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri.*